

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

## Skýrsla tengiliðar við gagnagrunn KI til umdæmisstjórnarfundar 11. nóvember 2014

Árleg verkefni í upphafi starfsárs hafa gengið vel. Síðasta uppfærsla félagatala var send til KI á síðustu dögum síðastliðins starfsárs og því líklegt að fjöldi félaga í klúbbum og aðrar upplýsingar hafi verið réttar í gagnagrunni KI þegar reikningar voru unnir.

Upplýsingar um féлага sem fram koma í Hvítu bókinni eru teknar úr félagatalinu og ennþá felst nokkur handavinna í að koma þeim fyrir og yfirfara. Sú vinna gekk þó vel í góðu samstarfi við umdæmisritara.

Undirbúningur fyrir flutning félagatala í gagnagrunn KI hefur gengið hægar en til stóð en er nú að ljúka. Gert er ráð fyrir að síðasta uppfærsla verði send í lok þessa mánaðar og að ritara klúbba fái aðgang að kerfi KI í upphafi þess næsta. Póstur verður sendur á alla ritara klúbba, forsetar munu fá afrit og líklegt er að fylgja verði þessari breytingu eftir með því að hafa samband við alla klúbba.

Útbúa þarf fræðsluefni og koma því á framfæri. Til þess eru ýmsir möguleikar t.d. kennslumyndband sem aðgengilegt yrði á vef umdæmisins. Heimsóknir á svæðisráðstefnur og innlegg í fræðslu verðandi embættismanna þarf einnig að skoða.

Það eru því næg verkefni framundan og ég vonast eftir góðu samstarfi og aðstoð frá umdæmisstjórn.

Með Kiwaniskveðju, Konráð Konráðsson

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

## Umdæmisstjórnarfundur 15. nóvember 2014

### Skýrsla umdæmisfóðirðis.

#### Ágætu Kiwanisfélagar.

Á nýju starfsári er ekki úr vegi að líta aðeins í baksýnispegilinn og skoða hvernig gekk að reka umdæmið á síðasta ári.

Reksturinn á Bíldshöfða er að ganga betur með fjölgun klúbba og fleiri útleigum en útgjöldin voru töluvert hærrí en áætlað var en það skýrist fyrst og fremst á kostnaði við breytingar á húsnæðinu og kaupum á búnaði.

Önnur útgjöld eru nálægt áætlun eða undir svo heildarstaðan er mjög nálægt áætlun. Nokkur vinna hefur verið hjá mér að sjá um reksturinn enda eru flestir af mínum félögum í framkvæmdaráði búsettir utan höfuðborgarsvæðisins og ekki hægt að vísa þessu á þá.

Þrír klúbbar verða með fundi í húsinu í vetur og von er á þeim fjórða. Einnig hefur önnur leiga aukist og til að mæta óskum okkar leigjenda hafa fleiri stólar verið keyptir sem og þau búshöld sem okkur hefur vantað til að hýsa stærri veislur og fundi.

Allt nýttist þetta til að auka leigutekjur á komandi árum.

Einnig hefur vinna við uppgjör á reikningum fyrir síðasta ár sem og uppgjör vegna umdæmisþings 2014 með okkar bókkara tekið tíma í haust en bráðabirgða uppgjör verður kynnt á fundinum.

Reikningar fyrir fyrrihluta félagsgjalda voru sendir út í október og nokkrir klúbbar hafa þegar greitt þó eindagi sé ekki fyrir en lok þessa mánaðar. Færri félagar eru skráðir í gagnagrunn heldur en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir og það sama var raunin fyrir síðasta starfsár og munar þar allt að hálfri milljón fyrir þessi tvö ár.

Heimsókn heimsforseta í sumar var góð en kostaði okkur nokkuð og sýnir það betur en nokkuð annað að það er þörf á að reikna með meiri ófyrirséðum útgjöldum heldur enn hingað til hefur verið gert.

Nú þegar þarf að fara fram umræða um rekstrargjöld umdæmisins og hvar er hægt að spara eða hvort vilji er til að hækka gjöldin til að vega á móti fækkun félaga. Önnur leið og betri er að fjölga félögum og komast aftur yfir þúsund en hvort og þá hvenær það tekst er annað mál.

Með Kiwaniskveðju,  
Eyþór K. Einarsson  
Umdæmsfóðirðir 2013-2015